

Yfirlitsmynd - Mkv. 1:5000



Gróðurkort frá Nýjalandi - Mkv: 1:25.000

Núverandi aðstæður og umsagnir

Náttúrufar

Deiliskipulagssvæðið er utan við Skaftáreldahraun en aðkomu er eftir núverandi vegi sem liggur að hluta til í gegnum hraunið en hvergi þarf að brjóta nýtt land til vegagerðar. Samkvæmt gróðurkorti Nýjalands þá er svæðið skilgreint sem hálfgróið. Þar sem eldihúsið mun koma til með að rísa var áður árstíðabundinn árfarvegur sem fylltist af jökulvatni þegar hlaup urðu á vorin. Í dag rennur áin ekki lengur þarna um vegna breytinga á vatni ofan þjóðvegur nr. 1. Þær framkvæmdir fóru fram fyrir 40 árum síðan, en fram að því voru flóðin á hverju ári.

Vatnssupptaka

Allt vatnið sem fer inn í eldihúsnæðið verður tekið beint úr sjálfrennandi, lokuðum lindum til að fyrirbyggja smit. Lindirnar eru sýnir á yfirlitsmynd á skýringarupprætti (nr 0.2)

Fornleifar

Landið sem fyrirhuguð fiskeldisstöð verður reist á hefur ekki að geyma neinar fornminjar svo vitað sé enda var þar áður árstíðabundinn árfarvegur sem fylltist af jökulvatni þegar hlaup urðu á vorin. Ef til þess kemur að fornminjar birtast við framkvæmdir, verður verkið stöðvað og tilkynnt um fundinn í samræmi við þjóðminjalög.

Umsagnir

Skipulagslýsing var send til umsagnar og bárust svarbréf frá Fiskistofu (dags. 16. júní 2011), Umhverfisstofnun (dags. 29. ágúst 2011) og Skipulagsstofnun (dags. 23. júní 2011). Fiskistofa gerði ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Skipulagsstofnun óskaði eftir þessum lagfæringum:

- Sýna hæðarlínur og önnur landslagseinkenni á upprætti. Hæðarlínur, lýsingu á náttúrfari og gróðurkorti hefur verið bætt inn á upprætti.
- Staðsetning vatnstökusvæða og vatnsverndarsvæða. Staðsetning vatnslinda er sýnd á yfirlitsupprætti.
- Gera skýrari grein fyrir framkvæmdum og frágangi á setþró. Hefur verið bætt við greinargerð.
- Staðsetning bygginga verði ekki nær vötnum eða ám en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Endurbyggð rafstöðvar er í tæplega 20 m frá Krókavatni í samræmi við núverandi rafstöð og til nýtinga á núverandi lönsгарði. Ekki verður hindrun á fótgangandi umferð meðfram Krókavatni.
- Gera grein fyrir framkvæmdum við uppistöðulón, efnismagni og efnistöku og setja skilmála fyrir rafstöðvarbyggingu. Gert er ráð fyrir að endurnýja á hluta af lönsгарði verði óveruleg hvað efnismagn varðar. Settir hafa verið skilmálar fyrir rafstöðvarbygginguna.
- Gera grein fyrir stærð veiðihúss og aðkomu að því. Veiðihúsið er utan við deiliskipulagsmörkin.
- Gera grein fyrir tegund fiskeldis. Hefur verið gert.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar voru þessar:


- Forðast röskun vegna nálægðar við eldhraun. Deiliskipulagið mun ekki hafa röskun Skaftáreldhrauns í för með sér.
- Vantar lýsingu á gróðurgerð og staðhættum. Hefur verið bætt við á yfirlitsupprætti.
- Vantar frekari upplýsingar um setþró. Setþróin verður tæmd af seyru einu sinni á ári og setið notað sem áburður á tún og/eda akra sem verða í rækt. Ekki verður frárennsli frá henni í Krókavatni.
- Notkun á fiskurgangi og seyru þarf að fara eftir reglugerð nr. 804/1999. Hefur verið bætt við greinargerð.

Ekkert kemur fram um frárennsli frá vinnsluhúsnæði. Staðsetning á rotþró og frárennslislögnum verður innan lóðar en er ekki sýnt á skipulagsupprætti. Þær verða staðsettar á byggingarnefndarteikningum þegar þær verða lagðar fyrir. Frágangur og gerð rotþróa og frárennslislagna skal gera í samræði heilbrigðiseftirlit og fara skv. reglugerð 796/1999 um fráveitur og skólp og leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar frá 2004.



Hluti af staðfestu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

- SKÝRINGAR
- ▬ Lóð
 - - - Byggingarreitur
 - Núverandi hús
 - ▬ Vegur
 - - - Vegslóði
 - - - Vatnslagnir
 - Vatnslind
 - Tún
 - Graslendi
 - Ríkt mólendi
 - Rýrt mólendi
 - Mosi
 - Votlendi
 - Hálfgróið land
 - Líttgróið land
 - Vatn
 - Skaftáreldahraun
 - Deiliskipulagsmörk



SKAFTÁRHREPPUR

LANDVÖTUN • HAMBORG 12 • 200 KÓPAVOGUR • Sími: 578 8303 • FAX: 584 8380 • NETFANG: landvotun@landvotun.is

FISKELDI BOTNUM
YFIRLITSMYND - Vatnslögn og gróðurkort

SKÝRINGARUPPRÁTTUR	SKIPULAGSYKL
	TEKNAEÐ
	SAHBYGKT
	KT: 110252.4479
KVARNETI: 6.000 OG 1:25.000	KÓPAVOGUR
VERÐUR:	TEKNI. NR.
8509-DA 1101	02